

Viðbótarkönnun á fornleifum vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar



Margrét Hallmundsdóttir

Júní 2009
NV nr. 2-09

Inngangur

Áætlað er að leggja jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnafjarðar og tók Náttúrustofa Vestfjarða að sér að kanna fornleifar á fyrirhuguðu vegstæði fyrir Vegagerðina. Skráningin fór fram á haustmánuðum 2007 og voru svæðin beggja vegna gangamunnana könnuð (Margrét Hallmundsdóttir, *et al.* 2008).

Vegagerðin óskaði þess á vormánuðum 2009 að svæði norðan Mjólkárverkjunar í Arnarfirði yrði kannað til viðbótar og fór sú könnun fram í maí 2009. Gengið var allt vegstæðið og kannað var svæði 300 metra í báðar áttir frá miðlínu vegar. Allar minjar voru staðsettar með gps hnítum, ljósmyndaðar og skráðar (sjá kort 1 í viðhengi).

Borg ÍS-181571-8:015

Hlutverk Lending

Tegund Lending

Staðsetning: E 308132 N 591899

Staðhættir

Við ströndina um 80 metra norður af núverandi vegstæði er lending. Lendingin snýr nokkurn vegin í norður.

Minjalýsing

Greinilegt er að grjóti hefur verið rutt frá til að auðvelda aðkomu að ströndinni.

Svæðið sem myndar lendinguna er um 5 metrar á breidd.

Borg ÍS-181571-8:016

Hlutverk Naust

Tegund Tóft

Staðsetning: E 308162 N 591935

Staðhættir

Í fjörunni um 10 metra suður frá lendinguni[181571-8:016] og 70 norður af núverandi vegstæði.

Minjalýsing

Naustið er niðurgrafið og er stórt grjót við austurhlið þess en ekki nein merki um



Mynd 1. Lendingin, myndin er tekin í norður.



Mynd 2. Naust þar sem bátur hefur verið geymdur, myndin er tekin í suður.

hlaðna vegg. Það er 2 metrar á breidd og 3 metrar á lengd. Naustið snýr í norður/suður og opið í norður.

Borg ÍS-181571-8:017

Hlutverk Byrgi

Tegund Rúst

Staðsetning: E 308410 N 592077

Staðhættir


140 metra frá norður af núverandi vegstæði og 80 metra frá lítilli bryggju eru leifar af rúst sem er grjóthlaðin.



Minjalýsing

Rústin er byggð upp við stóran stein sem er um 3,2 metrar á hæð. Norðurhlið steinsins er tiltölulega slétt og snýr hún inn í rústina. Rústin er með dyr í norður og er innanmál hennar 3 metrar á breidd og 2,5 metrar á lengd. Rústin sjálf er hlaðin úr fjörugrjóti og er hleðslan hæst um 1 meter og breidd veggja er 1-1/2 metri Heimildarmaður sem rætt var við kallaði rústina byrgi en ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir hvaða tilgang þetta hús hefur haft. Hugsanlega er hér um að ræða fjárbyrgi.

Mynd 3. Rústin sem byggð er við stóran stein, myndin er tekin í suður.



Niðurstöður

Við vettvangsrannsókn fundust þrjár minjar, lending, naust fyrir bát og rúst. Allar lenda þær fyrir utan vegstæðið og því ekki í neinni hættu.

Heimildaskrá

Margrét Hallmundsdóttir, Caroline Paulsen, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, NV nr. 07-08, Náttúrustofa Vestfjarða, 2008.*



Náttúrustofa Vestfjarða	Göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar	Vegagerðin
Dags.		Loftmyndir ehf.
Teiknað; HS	Fornleifar	
Breytt sept 2009		

Mynd 1. Minjastaðir við Borg í Arnarfirði.